



Fundur háskólaráðs 17. október 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 15.10.2002
Dags: 17.10.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

16/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 17. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurðsson, Hjalti Hugason, Ármann Höskuldsson, Þorsteinn Loftsson, Jóhann S. Magnússon, Stefán Svavarsson, Davíð Gunnarsson, Anna Soffía Hauksdóttir.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagður fram dómur Hæstaréttar, Íslenska ríkið gegn Háskóla Íslands o.fl., dags. 26. september 2002.
- 1.2 Lögð fram dagskrá ráðstefnu um hnattvæðingu 18. – 19. október 2002.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram bréf frá Ásdísi Guðmundsdóttur, skrifstofustjóra guðfræðideildar, þar sem fram kemur að á deildarfundi í guðfræðideild þann 25. september 2002 var eftirfarandi bókun sem forseti guðfræðideildar lagði fram samþykkt:
„Deildarfundur í guðfræðideild 25. sept. 2002 vekur athygli háskólaráðs á því ófremdarástandi sem skapast hefur vegna mikils halla sem orðið hefur í guðfræðideild á yfirstandandi almanaksári. Þennan halla má nær allan rekja til þess að kostnaðaraukinn sem af kjarabótum kennara hefur hlotist hefur ekki verið bættur deildinni.”
- Samþykkt einróma að vísa málinu til fjármálanefndar.
- 2.2 Lagt fram álit nefndar um akademískar nafnbætur ásamt tillögu að breytingu á fyrirbyggjandi regludrögum um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og veitingu akademískra nafnbóta, auk minnisblaðs Tryggva Þórhallssonar til nefndarinnar.
- 2.3 Lagt fram erindi Wolfgangs Frosta Sahr, dags. 19. september 2002, vegna synjunar heimspekideildar á beiðni um að meta nám hans í íþróttufræðum við DSHS Köln sem aukagrein til B.A.-prófs í þýsku. Með fylgir umsögn heimspekideildar sem stjórnslusvið óskaði eftir þar sem fram kemur að heimspekideild ítrekar fyrri ákvörðun, að hún getur ekki orðið við þeirri beiðni að meta nám Wolfgangs Frosta Sahr, hvorki í íþróttufræðum frá Deutsche Sporthochschule Köln né við Endurmenntunarstofnun H.Í., sem aukagrein til B.A.-prófs í þýsku.
- Samþykkt einróma að fela rektor að undirbúa úrskurð í málinu.
- 2.4 Lögð fram tillaga félagsvísindadeildar að reglum um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, ásamt greinargerð, sem samþykktar voru á fundi deildarinnar 11. október 2002.
- Frestað.
- 2.5 Lögð fram drög að reglum fyrir Lyfjafraeðistofnun Háskóla Íslands.
- Samþykkt einróma.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2003. Minnisblað formanns fjármálanefndar.

Rektor gerði ítarlega grein fyrir minnisblaði fjármálanefndar, sem felur í sér greiningu á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003 og tillögur nefndarinnar um áhersluatriði í viðræðum við stjórnvöld um fjármál Háskólans. Málið var rætt og að umræðu lokinni samþykkti ráðið einróma svohljóðandi ályktun:

„Háskólaráð samþykkir að fela rektor að ræða við stjórnvöld um stöðu Háskóla Íslands í frumvarpi til fjárlaga ársins 2003. Háskólaráð telur óviðunandi að fresta fyrirhugaðri opnun Náttúrufræðahúss haustið 2003 fram á haustið 2004 og fer þess á leit að heimild verði veitt fyrir 700 m.kr. lántöku á árinu 2003. Háskólaráð leggur auk þess mikla áherslu á að forsendur samnings um fjármögnun kennslu verði endurskoðaðar þannig að Háskóli Íslands fái bættar samningsbundnar hækkanir á launum starfsmanna sinna. Um er að ræða:

- 1) Bætur vegna úrskurða kjaranefndar um laun prófessora,
- 2) sérstakt umsamið framlag vegna starfsmanna í félagi starfsmanna ríkisstofnana,
- 3) bætur vegna umsaminna árlegra hækkana á launum vegna árangurs á liðnu almanaksári,
- 4) hækkun launastiku svo hún endurspegli starfsskyldur háskólakennara.”

3.2 Tillaga að verklagsreglum um könnun á kennslu og námskeiðum við H.Í. og meðferð hennar, sbr. síðasta fund.

Málið var rætt.

- Samþykkt samhljóða.

3.3 Reglur um aldurs- og árangurstengda tilfærslu starfspátta kennara við 55 og 60 ára aldur, sbr. samþykkt háskólaráðs 26. júní 2002, sbr. síðasta fund.

- Frestað.

3.4 Um starfshætti dómnefnda. Tillaga að breytingu á 7. mgr. 43. gr. reglna Háskólans, sbr. síðasta fund. Með fylgir endurskoðuð tillaga eftir fund deildarforseta 14. október sl.

- Tillagan samþykkt einróma.

3.5 Drög að úrskurði háskólaráðs í máli Evu I. Sumarliðadóttur vegna umsóknar um undanþágu frá stúdentsprófi til að hefja nám í bókasafns- og upplýsingafræði við félagsvísindadeild H.Í.

- Úrskurðurinn samþykktur einróma.

4. Önnur mál

4.1 Drög að viðskiptaáætlun fyrir Vísindagarða í Vatnsmýrinni.

Inn á fundinn kom Stefán Ólafsson, prófessor og formaður húsnæðis- og skipulagsnefndar, og gerði grein fyrir framlögðum drögum að viðskiptaáætlun og lagði fram bréf frá húsnæðis- og skipulagsnefnd um stöðu verkefnisins. Málið var rætt ítarlega og svaraði Stefán framkomnum spurningum og athugasemdum.

- Samþykkt einróma að áfram verði unnið að undirbúningi byggingar Vísindagarða í þekkingarþorpi Háskóla Íslands á grundvelli þeirra draga að viðskiptaáætlun sem nú liggja fyrir.

4.2 Valnefnd vegna viðurkenninga til starfsmanna Háskólans fyrir lofsverðan árangur í starfi. Í framhaldi af samþykkt háskólaráðs frá 19. september sl. greindi rektor frá því að hann hefur skipað Harald Ólafsson fv. prófessor f.h. fyrrverandi fastráðinna kennara, og Hjördísi Hákonardóttur borgardómara f.h. fyrrverandi nemenda Háskólans í valnefnd til þriggja ára.

- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16.20